



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Seyðisfirði
Opinber heimsókn
24. september 1999**

Heiðraðir Seyðfirðingar
Góðir samkomugestir

Hann heilsaði okkur glæsilega fjörðurinn þegar við komum hingað fyrr í dag og tign ógnarhárra fjalla endurómaði merka og samfellda sögu sem rekja má allt til upphafs Íslandsbyggðar.

Hún er skrautleg frásögnin í Landnámu af Loðmundi gamla og Bjólfi fóstbróður hans sem fóru til Íslands frá Þulunesi. Loðmundur var rammaukinn mjög og fjölkunnugur. Hann skaut fyrir borð öndvegissúlum sínum í hafi og kvaðst þar byggja skyldi sem þær ræki á landi. En þeir fóstbræður tóku Austfirði og nam Loðmundur Loðmundarfjörð og bjó þar hinn fyrsta vetur en fór síðan að elta öndvegissúlur sínar suður með landi.

En Bjólfur fóstbróðir Loðmundar heillaðist af fegurð Austfjarða og ákvað eins og segir í Landnámu að nema Seyðisfjörð allan

„Og bjó þar alla ævi. Hann gaf Helgu, dóttur sína, Áni hinum ramma, og fylgdi henni heiman öll hin nyrðri strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólfur hét sonur Bjólfs er þar bjó síðan og Seyðfirðingar eru frá komnir.”

Slíkur er hinn forni texti Landnámu og ætti samkvæmt honum einhver hluti góðra gesta hér í kvöld að vera kominn þráðbeint frá þeim feðgum Ísólfi og Bjólfi.

Auðvitað hefur margt á dagana drifið hér í firðinum síðan þessir atburðir gerðust fyrir á öldum. Saga byggðarinnar er slík, að kannski má segja nú við aldarlok að upphaf þess nútíma sem við þekkjum á Íslandi beri að rekja til þróunar og atburða, atvinnustarfsemi og frumkvöðla á Seyðisfirði; hér eru í vissum skilningi rætur þeirrar hraðfleygu þróunar sem íslenskt samfélag hefur gengið í gegnum á þessari öld.

Hér tók fyrsta símsstöðin á Íslandi til starfa skömmu eftir aldamótin. Sæsíminn sem hingað kom markaði þá stóru stund þegar tenging Íslands við umheiminn varð í senn samfelld og samtímis. Fréttirnar bárust á augnabliki og allt í einu urðu viðburðir heimsins á örskoti að íslenskri reynslu og Ísland sjálft komst samstundis á viðburðakort stórblaða og tæknivera um veröld víða. Aldalöng einangrun var rofin í einu vetfangi.

Seyðisfjörður var þannig upphafsstöðin á þeirri vegferð sem fært hefur núlifandi kynslóðum heiminn allan í sjónhendingu, gert jörðina að litlu þorpi og örlög og atburði í öðrum heimsálfum að okkar eigin reynslu og lærdómsforða.

Seyðisfjörður er því á vissan hátt vaggja þess nútíma sem æska landsins gengur nú að sem gefnum en birtist hér sem bylting í lífsháttum og tækni.

Seyðisfjörður var á fyrri tíð merkisberi þróunar sem nú er kölluð alþjóðavæðing og þykir ný en á sér reyndar margbrotnar rætur í sögunni. Hér ráku Petræus & Thomsen, Ørum & Wulff öflugla verslun meðan bæjarfélögin í nágrenni höfuðborgarinnar voru varla til. En uppgangur Seyðisfjarðar var með glæsibrag þegar norskir útvegsmenn fóru að moka silfri hafsins hér á land, og lengi lék síldin lykilhlutverk í örlagasögu bæjarfélagsins. Hér reis fyrsta íshús fjórðungsins, bryggjur og söltunarstöðvar.

Hér var stofnuð prentsmiðja og grundvöllur lagður að öflugri útgáfu blaða og bóka. Héðan komu fyrstu þrjú heftin í hinu einstaka þjóðsagnasafni

Sigfúsar Sigfússonar snemma á öldinni og margar aðrar merkar bækur sem víða fóru. Hingað kölluðu kaupmennirnir Stefán Th. Jónsson og Sigurður Johansen skáldið Þorstein Erlingsson frá Kaupmannahöfn árið 1896 til þess að ritstýra nýju blaði, Bjarka og er upplagið, 2000 eintök, umhugsunarefni fyrir þá sem nú eru að brjótast í blaðaútgáfu.

Þorsteinn Erlingsson bar bjartsýni í brjósti sér og í kvæðinu "Í Landsýn" sem birtist í fyrsta tölublaði segir hann að hér verði:

... gaman að vinna
með hverjum sem elskar þig, íslenzka jörð,
og arfarétt barnanna þinna.

Bjarki varð vinsælt blað, ekki hvað síst hjá yngri kynslóðinni hér eystra, ritstjórinn einlægur í framfarahug, hlutur skáldanna myndarlegur og Þorsteinn lípur í ritdeilum, enda skipti þá miklu fyrir blaðamenn að duga lengi í slíkum þrætum.

Hingað sóttu fleiri úr forystu og brautryðjendasveit sjálfstæðisáráttunnar og veittu endurreisn atvinnulífs og búsetuþróunar bæði liðsstyrk og hvatningu.

Seyðfirðingar gerðu Valtý Guðmundsson að þingmanni sínum, eldhuga, fræðimann og þjóðmálakempu sem ásamt Hannesi Hafstein ruddi brautina að heimastjórn og fullu forræði Íslendinga á fjárhag og framkvæmdum.

Seyðfirðingar voru enn í takt við nýja tíma þegar Haraldur Guðmundsson sótti hingað stuðning til að geta á þjóðþingi og í landsstjórninni lagt grundvöll að því kerfi trygginga og réttinda til umönnunar og heilbrigðis sem fært hefur íslenskt samfélag í fremstu röð meðal þjóða heims að velferð og almennum rétti aldraðra og sjúkra.

Fjörðurinn og fjöllin, aldan og eyrin, sólbirta á sumri og snjóbreiður á vetri voru skáldum og listamönnum efniviður í ljóð og lög sem yljað hafa þjóðinni í áratugi.

Já, Seyðisfjörður hefur verið okkur Íslendingum eins konar aldarspegill. Þið eigið svo sannarlega skilið að hljóta þökk og virðingu þjóðarinnar fyrir þá alúð sem þið hafið lagt við varðveislu minja um þessa miklu sögu, húsanna sem í senn geyma andblæ fyrri tíma og sálina í þeirri arfleifð sem tengir okkur saman, gerir okkur að þjóð; barnaskólann, sýslumannshúsið og símstöðina, verslunarhúsin, Vinaminni, Steinholt, Snæfell og Skaftafell.

Þegar dreginn er kjarni hinnar fjölskrúðugu sögu Seyðisfjarðar þá er lærdómurinn umfram allt sá að fólkið sjálft, kraftur þess, atorka og úthald hafa reynst burðarásar í þeirri byggðarsmíð sem best hefur dugað.

Það voru Seyðfirðingar sjálfir sem hér stigu skrefin, mörg og markviss til framfara og búbóta, aukinnar menntunar og hagsældar, nýrra viðskipta og þjónustu. Fyrirtækin smá og meðalstór voru hér í fararbroddi og uppspretta árangursins var hjá ykkur sjálfum; viljinn og hugvitið reyndust sú auðlind sem best bjargaði byggðum Íslands.

Þær eru margar sendinefndirnar sem hingað hafa komið að sunnan á undanförnum árum og áratugum og sagst flestu geta bjargað en farið síðan fljótt aftur heim án nokkurra athafna eða umsvifa.

En þið heimamenn hafið haldið ykkar striki, létuð gestahjalið ekki villa ykkur sýn, breyttuð sjálf bátum, keyptuð skip, reistuð með eigin afli verksmiðjur og iðjuver til fullvinnslu á fiski og matvælum, eflduð skóla og þjónustu, skerptuð skilning á sögu og arfleifð. Smátt og smátt hafið þið unnið slíka sigra að nú er Seyðisfjörður að allra dómi það byggðarlag sem í mótvægi við höfuðstaðinn sjálfan heilsar flestum gestum sem til Íslands koma, mótar viðbrögð þeirra og sýn á menningu okkar og minjar, þjóðlíf og siði, náttúrufegurð og fjalladýrð.

Árangur ykkar, staðfesta og sóknargeta er og verður þjóðinni allri hollt veganesti þegar mörkuð verður ný framtíðarsýn í byggðamálum, og vegið og metið hvað reynast muni byggðarlögum og þjóðinni allri drýgst til nýrrar sóknar.

Sjálfsstraust og sóknarvilji hafa vissulega skinið úr andlitum og augum æskufólksins sem ég hef hitt hér í dag. Starfsgleðin, þrótturinn og ánægjan eru greinilega aðalsmerki unga fólksins sem hér vex úr grasi.

Ég hef stundum sagt að það hafi verið mér mikið lán að hafa dvalið langdvölum sem ungur strákur í sjávarplássi. Nálægðin við lífsbjörgina, sjóinn sem stundum var gjöfull granni, stundum stríðlyndur og harður þeim vösku mönnum sem hann sóttu, nálægðin við sveitina sem oft átti allt sitt undir dyntóttum veðurguðum: við það fólk sem veitti mér ungum af endalausri rausn innsýn í líf sitt og starf, sorg og sigra; allt þetta hefur reynst mér það vegarnesti sem best hefur dugað á langri leið.

Ég skynjaði hér í dag og reyndar undanfarið á ferð minni um Austfirði, í samtölum við krakkana sem að ég hef hitt hér á völlum úti og í skólum inni að þetta glæsilega unga fólk býr við sömu hollu nálægðina við íslenskan veruleika og mér hlotnaðist ungum á fjörðum vestur.

Dýrasta auðlind okkar Íslendinga er unga fólkið sem nú er að vaxa úr grasi, djarft og reiðubúið að takast á við hraðfleygan samtíma og óvissa framtíð. Við þurfum að leggja allan hug á að virkja þessa auðlind, tryggja æskufólkinu aðgang að bestu menntun án tillits til búsetu og vera í þeim efnum hugmyndarík við að nýta undur tölvu- og samskiptatækni. Á tímum mikillar umræðu um gengi hlutabréfa, fjármagn og beislun orku er hollt að minnast þess að engin fjárfesting þjóðarinnar er arðvænlegri en menntakerfi sem stenst hinu besta í veröldinni snúning. Ræktum því vel það dýrmætasta sem við eigum, æskuna sem senn mun erfa landið og áfram gera Austfirði að burðarásum Íslandsbyggðar.

Megi gæfa og farsæld fylgja ykkur um alla framtíð og megi sú fagra og söguríka veröld sem þið varðveitið verða Íslendingum um ókominn aldur uppspretta kjarks og vilja til að sigrast á sérhverri þraut.

Ég færi ykkur þakkir fyrir alúðlegar móttökur, vináttu og velvilja sem hvarvetna hefur sett svip á samveru okkar.

